

Umhverfis- og skipulagsráð

Ár 2018, miðvikudaginn 16.mái kl. 9:10, var haldinn 231. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð. Ráðssal. Viðstaddir voru: Hjálmar Sveinsson, Magnea Guðmundsdóttir, Torfi Hjartarson, Stefán Benediktsson, Halldór Halldórsson, Herdís Anna Þorvaldsdóttir og Ingvar Jónsson áheyrnarfulltrúi. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Örn Sigurðsson, Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir, Þorsteinn Hermannsson, og Marta Grettisdóttir. Deildarstjóri aðalskipulags situr fundinn undir liðum 2-4. Starfsfólk skipulagsfulltrúa hjá umhverfis- og skipulagssviði sitja fundin eftir atvikum undir liðum 5-14 og 21-26. Verkefnisstjóri á skrifstofu reksturs og umhirðu borgarlands hjá umhverfis- og skipulagssviði situr fundinn undir lið 15. Verkefnisstjóri hjá samgöngustjóra hjá umhverfis- og skipulagssviði situr fundinn undir lið 16. Starfsfólk skrifstofu samgöngustjóra, borgarhönnunar hjá umhverfis- og skipulagssviði sitja fundinn undir liðum 17- 18.

Fundarritari er Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

(A) Skipulagsmál

1. Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, fundargerðir Mál nr. SN010070

Lögð fram fundargerð embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa Reykjavíkur dags. 11. maí 2018.

2. Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, (02.2) Mál nr. SN170527
Gufunes, Breytt landnotkun atvinnusvæðis.
Þróun blandaðrar byggðar

Að lokinni kynningu er lögð fram að nýju drög að tillögu umhverfis- og skipulagssviðs dags. í október 2017 að breytingu á aðalskipulagi sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felur í sér breytta landnotkun atvinnusvæðis að Gufunesi. Kynning stóð til og með 15. desember 2017. Eftirtaldir sendu inn umsagnir/bókun: Garðabær dags. 4. desember 2017, Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu dags. 13. desember 2017, Bláskógabyggð dags. 19. desember 2017, Hverfisráð Grafarvogs dags. 19. desember 2018, Seltjarnarnesbær dags. 22. desember 2017. Einnig er lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs dags. í maí 2018 að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Í breytingunni felst breytt landnotkun atvinnusvæðis að Gufunesi. Þróun blandaðrar byggðar.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu samkvæmt 31. gr. sbr. 36. gr. skipulagslaga skipulagslaga, nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Kl. 9:19 tekur Sigurborg Ósk Haraldsdóttir sæti á fundinum.

Haraldur Sigurðsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

3. Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, Mál nr. SN180358
Sundahöfn, breyting á aðalskipulagi, stækkun
hafnarsvæðis

Lögð fram verklýsing umhverfis- og skipulagssviðs dags. í maí 2018 vegna breytinga á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Í breytingunni felst að stækka hafnarsvæðið (H4) í Sundahöfn með landfyllingum við Klettagarða og Skarfabakka-Kleppsbakka.

Framlögð verk- og matslýsing aðalskipulagsbreytingar, samþykkt, sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og lög um umhverfismat áætlana 106/2005.

Vísað til borgarráðs.

Haraldur Sigurðsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

4. Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, breytt afmörkun landnotkunar, breyting á aðalskipulagi Mál nr. SN180067

Að lokinni kynningu er lögð fram að nýju drög að tillögu umhverfis- og skipulagssviðs dags. 1. mars 2018 að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Í breytingunni felst að afmörkun landnotkunar er leiðrétt til samræmis við lóðamörk og núverandi notkun lóða. Kynning stóð til og með 20. apríl 2018. Eftirtaldir aðilar sendu umsagnir/bókun: Bláskógarbyggð dags. 16. apríl 2018, Seltjarnarnesbær dags. 16. apríl 2018 og Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu dags. 11. maí 2018. Einnig er lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs dags. 1. maí 2018 að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Í breytingunni felst að afmörkun landnotkunar er leiðrétt til samræmis við lóðamörk og núverandi notkun lóða.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu samkvæmt 31. gr. sbr. 36. gr. skipulagslaga skipulagslaga, nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Haraldur Sigurðsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

5. Blikastaðavegur 2-8, breyting á deiliskipulagi (02.4) Mál nr. SN180147
531107-0550 Arkís arkitektar ehf., Kleppsvegi 152, 104 Reykjavík
581011-0400 Korputorg ehf., Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík

Lögð fram umsókn Arkís arkitekta ehf. f.h. Korputorgs ehf. dags. 1. mars 2018 ásamt bréfi dags. 1. mars 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 2-8 við Blikastaðaveg. Í breytingunni felst að hluti ytri byggingarreits er skilgreindur sem byggingarreitur, samkvæmt uppdr. Arkís arkitekta ehf. dags. 1. mars 2018. Einnig er lagt fram bréf Arkís arkitekta ehf. dags. 26. apríl 2018 þar sem umsókn er dregin til baka. Erindið dregið til baka með samkvæmt bréfi Arkís arkitekta dags. 26. apríl 2018.

Vísað til borgarráðs.

6. Mýrargata 27 og 29, Seljavegur 1A og 1B, (01.130.2) Mál nr. SN180133
breyting á deiliskipulagi
480915-1510 Arwen Holdings ehf., Seljavegi 2, 101 Reykjavík
530214-0870 Teiknistofan Storð ehf., Laugavegi 178, 105 Reykjavík

Lögð fram umsókn Hermanns Georgs Gunnlaugssonar f.h. Arwen Holdings dags. 27. febrúar 2018 ásamt greinargerð dags. 26. febrúar 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Nýlendureits vegna lóðanna nr. 27 og 29 við Mýrargötu og 1A og 1B við Seljaveg. Í breytingunni felst fjölgun íbúða þannig að heimilt verði að vera með tvær íbúðir á hverri lóð í stað einnar, samkvæmt uppdr. Teiknistofunnar Storð ehf. dags. 24. apríl 2018.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

- 7 Njarðargata 25 og Urðarstígur 15, breyting á (01.186.5) Mál nr. SN170893
deiliskipulagi
460503-2560 Mondo ehf, Sjafnargötu 5, 101 Reykjavík
560496-2739 Arkitektar Laugavegi 164 ehf, Laugavegi 164, 105 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Arkitekta Laugavegi 164 ehf. f.h. Mondo ehf. mótt. 4. desember 2017 varðandi breytingu á deiliskipulagi Nönnugötureits vegna lóðanna nr. 25 við Njarðargötu og 15 við Urðarstíg. Í breytingunni felst m.a. að sameina lóðirnar í eina lóð fyrir fjöleignarhús, fjölga íbúðum í samtals allt að 7 íbúðir

með sameiginlegu þvottahúsi, hjóla- og vagnageymslu, rífa núverandi stigahús (útbyggingar) beggja húsa og byggja nýtt sameiginlegt stigahús í viðbyggingu á garðhlið, hækka húsin umfram það sem er samþykkt í gildandi deiliskipulagi o.fl., samkvæmt uppdr. Arkitekta Laugavegi 164 ehf. dags. 4. desember 2017. Tillagan var auglýst frá 12. febrúar 2018 til og með 26. mars 2018. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Hilda Birgisdóttir, dags. 19. mars 2018, Catharine Fulton dags. 20. mars 2018, Georg Heide Gunnarsson dags. 21. mars 2018, Rannveig Gylfadóttir og Haukur Friðþjófsson dags. 21. mars 2018, Sjöfn Sigurgísladóttir og Stefán J. Sveinsson f.h. Landás ehf. dags. 22. mars 2018, Hugrún Árnadóttir dags. 23. mars 2018, Kjartan Kjartansson, dags. 23. mars 2018, Sveinbjörn Pálsson dags. 23. mars 2018, Hulda Guðmundsdóttir dags. 23. mars 2018, Dögg Ármannsdóttir og börn, dags. 23. mars 2018, Elísabet Brekkan og Þorvaldur Friðriksson dags. 24. mars 2018, Margrét Harðardóttir, Steve Christer, Kalman Christer, Salómon Christer og Rán Christer dags. 24. mars 2018, Harpa Njáls og Guðrún Helga Pálsdóttir dags. 24. mars 2018, Drífa Ármannsdóttir dags. 25. mars 2018, Sigrún Hólmgeirsdóttir dags. 25. mars 2018, Olgeir Skúli Sverrisson, Sigurrós Hermannsdóttir og Bragi Leifur Hauksson dags. 25. mars 2018, Helena W Óladóttir, Theodór Welding, Þorbjörg Anna Gísladóttir og Málfríður Guðmundsdóttir dags. 25. mars 2018, Orri Páll Jóhannsson og Jóhannes Elmar Jóhannesson Lange dags. 25. mars 2018, Halla Margrét Árnadóttir f.h. íbúðar 301 á Nönnugötu 16 og Jón Arnar Árnason f.h. íbúðar 201 á Nönnugötu 16 dags. 26. mars 2018 Józef Halldórsson dags. 26. mars 2018 og Aðalsteinn Jörundsson dags. 26. mars 2018. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. maí 2018.

Synjað með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa 14. maí 2018

Vísað til borgarráðs.

Margrét Þormar verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

8. Skólavörðuholt, breyting á deiliskipulagi (01.19) Mál nr. SN160483
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, mótt. 13. júní 2016, varðandi breytingu á deiliskipulagi Skólavörðuholts vegna lóðanna 21-27 (oddatölur) við Frakkastíg og nr. 2-20 (sléttar tölur) við Bergþórugötu. Í breytingunni felst að heimilt er að byggja nýtt íbúðarhús á lóðunum nr. 10-12 sem einnig eru sameinaðar og nr.18. Afmarkaðar eru lóðir fyrir Frakkastíg 27 (Tækniskólinn) og 23a (Veitur) og settir skilmálar fyrir almennum og sérstökum heimildum á öðrum lóðum. Lagt fram að nýju ásamt uppdráttum A2f arkitekta dags. 8. desember 2017. Tillagan var auglýst frá 12. febrúar 2018 til og með 26. mars 2018. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Ingunn Gísladóttir og Grétar Guðmundsson dags. 5. mars 2018, Anna S. Haraldsdóttir f.h. eigenda Bergþórugötu 8 dags. 19. mars 2018, Björn Atli Davíðsson dags. 19. mars 2018, Sigurjón Ernir Kárason og Sonja Guðlaugsdóttir dags. 25. mars 2018 og Hlynur Johnsen og Eva Huld Friðriksdóttir dags. 26. mars 2018. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. maí 2018.

Samþykkt með þeim breytingum sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. maí 2018.

Vísað til borgarráðs.

Guðlaug Erna Jónsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

9. Prastargata 1-11, nr. 7b, breyting á (01.553.1) Mál nr. SN180064
skilmálum deiliskipulags

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagsviðs, skipulagsfulltrúa, varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags Fálkagöturéita vegna lóðarinnar nr. 7b við Prastargötu. Í breytingunni felst að heimilt er að koma fyrir kvisti á norðurhlið hússins, samkvæmt tillögu ARKHD dags. 27. febrúar 2018. Tillagan var grenndarkynnt frá 2. mars 2018 til og með 30. mars 2018. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Snorri Halldórsson og Laufey Einarsdóttir dags. 19. mars 2018, Lex

lögmannsstofa f.h. Guðmundar O. Víðissonar dags. 28. mars 2018 og Margrét I. Hinriksdóttir dags. 28. mars 2018. Einnig er lagður fram tölvupóstur Edvarðs Júlíusar Sólnes og Sigríðar Mariu Sólnes dags. 2. mars 2018, Elísabetar Jónsdóttur og Grétars Árnasonar dags. 15. mars 2018, Snorra Halldórssonar og Laufeyjar Einarsdóttur dags. 19. mars 2018, Þórunn H. Óskarsdóttir og Sigurður Arnar Jónsson dags. 20. mars 2018, Ólu Helgu Sigfinnsdóttur og Guðmundar Lýðssonar dags. 27. mars 2018, Örlygs Ásgeirssonar og Kristjönu Ástu Long dags. 30. mars 2018, Sigríðar Ellu Magnúsdóttur og Símonar Vaughan dags. 31. mars 2018 og Guðmundar Benediktssonar f.h. Observant ehf. dags. 1. apríl 2018 þar sem ekki er gerð athugasemd við tillöguna. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. maí 2018.

Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 16. maí 2018.

Ingvar Jón Bates Gíslason verkefnisstjóri tekur sæti fundinum undir þessum lið.

10. Gufunesbær, frístundamiðstöð, breyting á (02.354) Mál nr. SN180339
deiliskipulag

570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Lögð fram umsókn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar dags. 3. maí 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi á útivistasvæði í Gufunes fyrir Gufunesbæ. Í breytingunni felst að afmarkaður er byggingarreitur fyrir gámahús fyrir starfsmannaaðstöðu á grassvæði við bílastæði suðvestan við gamla bæinn, samkvæmt uppdr. umhverfis- og skipulagssviðs dags. 1. mars 2018.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

11. Gufunes, áfangi 1, deiliskipulag (02.2) Mál nr. SN170476

Lögð er fram tillaga að deiliskipulagi fyrir 1.áfangi í Gufunesi, ásamt greinargerð og skilmálum dags. 11.maí 2018. Um er að ræða fyrsta áfangi í skipulagi Gufunessvæðisins. Markmiðið er að útbúa áhugavert og spennandi svæði fyrir kvikmyndahorp í tengslum við blandaða byggð, þ.m.t. íbúðir. Jafnframt að mynda sterkan ramma almenningssvæðis utan um sveigjanlega og sjálfsprottna byggðarþróun, með áherslu á að þar geti þróast forsendur fyrir fjölbreytt og skapandi samfélag þar sem er gott að búa, starfa og njóta lífsins. Einnig er lögð fram húsakönnun dags. 8. desember 2017 og fornleifaskráning Borgarsögusafns Reykjavíkur dags. 2018.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

12. Skerjafjörður Þ5, forsögn fyrir Mál nr. SN170833
rammaskipulag

Lögð fram tillaga að rammaskipulagi fyrir þróunarsvæði 5 Nýja Skerjafjörð dags. 7. maí 2018. Í tillögunni er gert ráð fyrir íbúðabyggð fyrir um 1200 íbúðir, nýjum skóla og verslun og þjónustu. Tillagan gerir einnig ráð fyrir landfyllingu út í Skerjafjörð og tengingum við nýja brú yfir Kársnes.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir fyrir sitt leiti tillögu að rammaskipulagi fyrir Skerjafjörð Þ5 og og felur embætti skipulagsfulltrúa að hefja undirbúning að gerð deiliskipulags fyrir svæðið í samvinnu við hagsmunaaðila.

Vísað til borgarráðs.

Jón Kjartan Ágústsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(B) Byggingarmál

13. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa, Mál nr. BN045423
fundargerð

Fylgiskjal með fundargerð þessari er fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 973 frá 15. maí 2018.

(C) Fyrirspurnir

14. Suðurgata 12, (fsp) bílastæði og aðkomutorg (01.161.1) Mál nr. SN180257
621297-4309 Helgafell ehf., Suðurgötu 12, 101 Reykjavík
470498-2699 Hornsteinar arkitektar ehf, Ingólfsstræti 5, 101 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Helgafells ehf. mótt. 27. mars 2018 ásamt bréfi Hornsteina arkitekta ehf. dags. 22. mars 2018 um að koma fyrir allt að 5 bílastæðum á lóð nr. 12 við Suðurgötu og gera lítið aðkomutorg, samkvæmt uppdr. Hornsteina arkitekta ehf. dags. 22. mars 2018. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. maí 2018. Neikvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 11. maí 2018.

Hrafnhildur Sverrisdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(E) Umhverfis- og samgöngumál

15. Afnot af borgarlandi, reglur vegna útveitinga Mál nr. US180132

Lagðar fram reglur um afnot af borgarlandi vegna útveitinga dags. í febrúar 2018.
Samþykkt
Vísað til borgarráðs.

Helga Rún Guðmundsdóttir verkefnisstjóri og fulltrúi Eflu Daði Baldur Ottósson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

16. Stokkur í Elliðaárdalur, mat á núverandi Mál nr. US180128
aðstæðum

Lagt fram minnisblað Mannvits dags. 9. mars 2018 varðandi mat á núverandi aðstæðum stokka í Elliðaárdal.
Kynnt.
Fulltrúar Veitna Hörður Jósef Harðarson og Hólmfríður Bjarnadóttir og fulltrúi Mannvits Axel Valur Birgisson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

17. Akstur bifreiða og hópferðabifreiða um Mál nr. US180130
miðborgina, safnstæði við Rauðarárstíg

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur dags. 14. maí 2018 varðandi akstur með ferðamenn í miðborginni og Safnstæði/rútustoppistöð á Rauðarárstíg við Hlemm.
Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins sbr. 2. mgr. 81.gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

18. Hjólreiðaáætlun, Laugardal - milli Mál nr. US180136
Suðurlandsbrautar og Holtavegar

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur dags. 14. maí 2018 ásamt tillögu að hjólastíg um Laugardal - milli Suðurlandsbrautar og Holtavegar.
Samþykkt.

(D) Ýmis mál

19. Umhverfis- og skipulagssvið, Mál nr. US130045
innkaupaskýrsla (USK2015020003)

Lagt fram yfirlit yfir viðskipti umhverfis- og skipulagssviðs við innkaupadeild í apríl 2018.

20. Umhverfis- og skipulagsráð, fundir vorið 2018 Mál nr. US180131

Lagt til að fella niður fundi umhverfis- og skipulagsráðs dagana 23. og 30. maí 2018.

21. Vogabyggð, dómnefnd, útilistaverk Mál nr. US180137

Lagt fram bréf menningar- og ferðamálaráðs dags. 15. maí 2018 þar sem óskað er efir að umhverfis- og skipulagsráð tilnefni fulltrúa í dómnefnd um útilistaverk í Vogabyggð. Umhverfis- og skipulagsráð skipar Hjálmar Sveinsson fulltrúa í dómnefnd um útilistaverk í Vogabyggð.

22. Borgartún 8-16A, Íbúðagisting fl. 2 (01.220.107) Mál nr. BN054380
531114-0270 Höfðaíbúðir ehf., Stórhöfða 34-40, 110 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 20. mars 2018 þar sem sótt er um leyfi til að breyta skilgreiningu á íbúðum á 1. - 8. hæð, 38 íbúðir, sem gististað í flokki II, teg. íbúð, í fjölbýlishúsi á lóð nr. 8-16A við Borgartún. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 11. maí 2018 og bréf PKdM Arkitekta ehf. ódags. móttakið 7. maí 2018.

Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 11. maí 2018 samþykkt.
Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.

Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

23. Klapparstígur 19, Veghústígur 1, bréf (01.152.4) Mál nr. SN180213
600269-0979 Ottó ehf., Klettagörðum 23, 104 Reykjavík

Lagt fram bréf Ottós ehf. dags. 14. mars 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Skuggahverfis vegna lóðarinnar nr. 19 við Klapparstíg og nr. 1 við Veghústíg. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 4. maí 2018.

Umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 4. maí 2018 samþykkt
Vísað til meðferðar hjá skipulagsfulltrúa.

Hjálmar Sveinsson vikur af fundi við afgreiðslu málsins

24. Fegrunarviðurkenningar 2018, skipan fulltrúa Mál nr. SN180340

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa dags. 15. maí 2018 að skipan fulltrúa í vinnuhóp sem gerir tillögu að fegrunarviðurkenningum fyrir lóðir fjölbýlishúsa og fyrirtækja/stofnana og vegna endurbóta á eldri húsum árið 2018.
Tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa dags. 15. maí 2018 samþykkt.

25. Útilistaverk í Álfsnesi, beiðni um flutning Mál nr. US180068

Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar dags. 21. mars 2018 þar sem óskað er eftir umsögn umhverfis- og skipulagsráðs á erindi Hallsteins Sigurðssonar dags. 12. mars 2018 um útilistaverk á Álfsnesi. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. maí 2018.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. maí 2018 samþykkt.

26. Tillaga varðandi gróðursetningu nýrra trjáa í stað þeirra sem eru felld, Mál nr. US170226

Lögð fram eftirfarandi tillaga fulltrúa Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs Gísla Garðarssonar og áheyrnarfulltrúa Pírata Sigurborgu Ósk Haraldsdóttur: "Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir að fyrir hvert það tré sem fellt verður vegna skipulagsáætlana í borginni verði annað tré gróðursett innan borgarmarkanna. Umhverfis- og skipulagsráð óskar eftir úttekt frá umhverfis- og skipulagssviði á mögulegum útfærslum þess."

Einnig er lögð fram greinargerð.

Lagt fram að nýju ásamt bréfi umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða, dags. 14. maí 2018.

Bréf umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða, dags. 14. maí 2018 samþykkt.

27. Dunhagi 18-20, kæra 69/2018 (01.545.1) Mál nr. SN180350
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 7. maí 2018 ásamt kæru dags. 5. maí 2018 þar sem kærð er samþykkt byggingarfulltrúa frá 20. mars sl. um útgáfu byggingarleyfis fyrir Dunhaga 18-20.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu sviðsstjóra.

28. Dunhagi 18-20, kæra 70/2018 (01.545.1) Mál nr. SN180351
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 7. maí 2018 ásamt kæru dags. 4. maí 2018 þar sem kærð er samþykkt byggingarfulltrúa frá 20. mars sl. um útgáfu byggingarleyfis fyrir Dunhaga 18-20.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu sviðsstjóra.

29. Dunhagi 18-20, kæra 71/2018 (01.545.1) Mál nr. SN180359
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 9. maí 2018 ásamt kæru dags. 8. maí 2018 þar sem kærð er samþykkt byggingarfulltrúa frá 20. mars sl. um útgáfu byggingarleyfis fyrir Dunhaga 18-20. Jafnframt er gerð krafa um stöðvun framkvæmda.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu sviðsstjóra.

30. Lindargata 10, Kæra 23/2018, umsögn (01.151.5) Mál nr. SN180114
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi frá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála dags. 15. febrúar 2018 ásamt kæru dags. 14. febrúar 2018 þar sem kærð er samþykkt borgarráðs Reykjavíkur á breytingu á deiliskipulagi reits nr. 1.151.5. er varðar lóðina nr. 10 við Lindargötu. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 11. maí 2018.

31. Eikjuvogur 27, kæra 66/2018, umsögn (01.470.5) Mál nr. SN180329
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 2. maí 2018 ásamt kæru dags. 30. apríl 2018 þar sem kærð er samþykkt byggingaráform á lóð nr. 27 við Eikjuvog. Jafnframt er gerð krafa um stöðvun framkvæmda. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 9. maí 2018.

32. Lofnarbrunnur 14, breyting á deiliskipulagi (05.055.5) Mál nr. SN180281
600416-1700 Seres byggingafélag ehf., Bæjarlind 2, 201 Kópavogur
570394-2079 Mansard - Teiknistofa ehf., Holtsbúð 27, 210 Garðabær

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 3. maí 2018 um samþykki borgarráðs s.d. vegna auglýsingar á breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna lóðarinnar nr. 14 við Lofnarbrunn.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 13:55

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Hjálmar Sveinsson

Magnea Guðmundsdóttir
Torfi Hjartarson
Halldór Halldórsson

Stefán Benediktsson
Sigurborg Ósk Haraldsdóttir
Herdís Anna Þorvaldsdóttir

Afgreiðsla byggingarfulltrúa samkv. samþykkt nr. 161/2005

Árið 2018, þriðjudaginn 15. maí kl. 10:10 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 973. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Olga Hrund Sverrisdóttir, Óskar Torfi Þorvaldsson, Sigríður Maack, Sigrún Reynisdóttir, Jón Hafberg Björnsson og Harri Ormarsson.

Fundarritari var Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

- Bankastræti 14-14B** (01.171.202) 101383 Mál nr. BN054537
541009-0860 B14 ehf, Bankastræti 14, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að innrétta veitingastað í flokki II, fyrir 80 gesti á 2. hæð í húsi á lóð nr. 14-14B við Bankastræti.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
- Barónsstígur 32A** (01.192.101) 102528 Mál nr. BN054540
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja milliloft, breyta innra skipulagi og koma fyrir nýjum gluggum á félagsmiðstöð Austurbæjarskóla á lóð nr. 32A við Barónsstíg.
Milliloft: 105,5 ferm.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
- Bárugata 34** (01.135.213) 100462 Mál nr. BN054406
240998-3359 Aron Már Atlason, Bárugata 34, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta heiti rýmis sem var ranglega skráð áður sbr. BN049196 í kjallaraíbúð í húsi á lóð nr. 34 við Bárugötu.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Skilyrt er að eignaskiptayfirlýsingu vegna breytinga í húsinu sé þinglýst til þess að samþykktin öðlist gildi.
- Blikastaðavegur 2-8** (02.496.101) 204782 Mál nr. BN054019
581011-0400 Korputorg ehf., Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi þannig að verslunar- og lagerhúsnæði er breytt í brauð- og kexverksmiðju, milligólf stækkað, koma fyrir glugga á norðurhlið og flóttastiga bætt við á hús á lóð nr. 2 - 8 við Blikastaðaveg.
Greinargerð hljóðvistar dags. 20. desember 2017, bréf hönnuðar dags. 22. desember 2017, 16. janúar 2018. og 3. maí. 2018 Umsögn brunahönnuðar dags. 18. desember 2017, 11. janúar 2018 og 3. maí 2018 fylgir erindi.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 26. janúar 2018 fylgir erindinu, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. janúar 2018.
Stækkun milliloft: 1.401,3 ferm.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

5. **Bæjarflöt 9** (02.576.004) 225815 Mál nr. BN054614
671113-0390 Urðarsel ehf., Logafold 35, 112 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja iðnaðarhús á lóð nr. 9 við Bæjarflöt.
Stærðir: 864,7 ferm., 3.026,05 rúmm.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda.
6. **Dugguvogur 6** (01.454.001) 105617 Mál nr. BN054071
620206-0910 BG Fossberg ehf, Dugguvogi 6, 104 Reykjavík
Sótt er um breytingu á notkun úr samkomusal í verslun ásamt breytingum á brunavörnum auk þess sem gerð er grein fyrir áður gerðum breytingum á innra fyrirkomulagi í húsi á lóð nr. 6 við Dugguvog.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda.
7. **Eldshöfði 10** (04.035.303) 110540 Mál nr. BN054612
601200-2280 Eignarhaldsfélagið Partur ehf, Eldshöfða 10, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN053094 sem felst í að innra skipulagi er breytt lítilsháttar í húsi á lóð nr. 10 við Eldshöfða.
Stækkun milliflatar: 0,8 ferm.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda eldvarnareftirlits.
8. **Eskihlíð 10-10A** (01.700.203) 106942 Mál nr. BN054520
540481-2459 Eskihlíð 10, húsfélag, Eskihlíð 10, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að fjölga innkeyrslum á bílstæði, koma fyrir hleðslustöðvum fyrir rafmagnsbíla, leggja nýja skólþeimplögn að lóðamörkum og lagfæra aðkomu fyrir hjólastóla að reiðhjólageymslu og kjallaraíbúð á lóð nr. 10- 10A við Eskihlíð.
Bréf frá umsækjanda dags. 15. apríl 2018 og samþykki frá aðalfundi Eskihlíðar 10 og 10A dags. 27. mars. 2018 fylgir.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
9. **Flúðasel 60-76** (04.971.401) 113170 Mál nr. BN054234
480486-1969 Flúðasel 70, húsfélag, Flúðaseli 70, 109 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem er að taka í notkun óuppfyllt rými í kjallara húss nr. 70 á lóð nr. 60-76 við Flúðasel.
Samþykki meðeigenda fylgir erindi.
Stækkun: 22,3 ferm., 60,2 rúmm.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
Skilyrt er að eignaskiptayfirlýsingu vegna breytinga í húsinu sé þinglýst til þess að samþykktin öðlist gildi.
10. **Fossagata 2** (01.636.707) 106733 Mál nr. BN054238

280582-5819 Hafsteinn Jónasson, Flyðrugrandi 16, 107 Reykjavík
031083-3629 Helga Þórðardóttir, Flyðrugrandi 16, 107 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða einbýlishús ásamt einnar hæðar vinnustofu á lóð nr. 2 við Fossagötu.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 11. maí 2018 fylgir erindinu.

Erindi var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Fossagötu 1, 4, og 6, Þjorsárgötu 1 og Reykjavíkurvegi 24-30, 25, 27 og 32-38 frá 6. apríl 2018 til og með 7. maí 2018. Engar athugasemdir bárust.

Stærðir:

Mhl.01: 157,6 ferm., 505,0 rúmm.

Mhl.02: 48,9 ferm., 147,9 rúmm.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24.11.2017 við fyrirspurn SN170829 fylgir erindi.

Jafnframt er erindi BN051376 fellt úr gildi.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda.

11. **Freyjugata 24** (01.186.601) 102297 Mál nr. BN053873
710505-1440 Spur ehf, Freyjugötu 24, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja svalir á norðvesturhlið 2. hæðar, uppfæra brunamerkingar, færa til starfsmannaaðstöðu í kjallara og breyta flokkun gistiheimilis í flokk III, teg. b í húsi á lóð nr. 24 við Freyjugötu.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 15. desember 2017 fylgir erindinu, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. desember 2017.
Einnig bréf hönnuðar með skýringum dags. 6. mars 2018 og minnisblað um brunavarnir dags. 7. febrúar 2018, útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 6. apríl 2018 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. apríl 2018.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
12. **Freyjugata 41** (01.194.206) 102550 Mál nr. BN054645
590416-0370 Ásmundarsalur ehf., Sjafnargötu 3, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að innrétta veitingahús í flokki II, teg. e fyrir 55 gesti í Ásmundarsal á lóð nr. 41 við Freyjugötu.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
13. **Friggjarbrunnur 32** (05.053.304) 205957 Mál nr. BN052533
170569-3269 Bjartmar Örn Arnarson, Gvendargeisli 42, 113 Reykjavík
511209-1530 Litla tré ehf., Gvendargeisla 42, 113 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN036790 þannig að rými 0001 verður að fönðurherbergi, til að koma fyrir gluggum á suðausturhlið kjallara, áður fyllt rými verður nú úppfyllt með mannopi og til að minnka pall á lóð nr. 32 við Friggjarbrunn.
Bréf frá umsækjanda þar sem hann gerir grein fyrir breytingum og fer fram á að erindi BN053091 verði dregið til baka.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 23. júní 2017 fylgir erindinu.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

14. **Geitland 2-12 1-43** (01.851.101) 108763 Mál nr. BN054487
221078-5519 Erla Rós Gylfadóttir, Geitland 43, 108 Reykjavík
030178-5729 Pétur Thor Gunnarsson, Geitland 43, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta glugga á suðurhlíð í hurð á húsi nr. 43 í raðhúsi á lóð nr. 2-12 1-43 við Geitland.
Umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 26. mars. 2018 fylgir .
Samþykki meðeigenda dags. 18. mars 2018 fylgir.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
15. **Giljaland 2-32 1-35** (01.853.001) 108769 Mál nr. BN053581
121171-3769 Elsa Matthildur Ágústsdóttir, Giljaland 24, 108 Reykjavík
240972-3289 Magnús Salberg Óskarsson, Giljaland 24, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta glugga og koma fyrir gólfsíðum rennihurðum á raðhúsi nr. 24 á lóð nr. 2-32 -35 við Giljaland.
Erindi fylgir fsp. BN053537 dags. 19. september 2017 og samþykki eigenda Giljalands nr. 14 - 22 dags. 15. janúar 2018.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
16. **Grensásvegur 22** (01.801.215) 107636 Mál nr. BN054479
680501-3350 Samasem ehf, Grensásvegi 22-24, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta innra fyrirkomulagi á annarri hæð í gistirými í flokki II tegund C fyrir 10 gesti í húsi á lóð nr. 22 við Grensásveg.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 11. maí 2018 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. maí 2018.
Samþykki eiganda dags. 5. apríl 2018 fylgir erindi.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda.
17. **Gylfaflöt 15** (02.576.203) 225816 Mál nr. BN054616
671113-0390 Urðarsel ehf., Logafold 35, 112 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja iðnaðarhúsnæði á tveim hæðum á lóð nr. 15 við Gylfaflöt.
Stærðir: 864,7 ferm., 3.026,05 rúmm..
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda.
18. **Haukahlíð 2** (01.627.401) 223517 Mál nr. BN054491
611212-1350 REY Hotel hf., Lágmúla 7, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja fjögurra hæða, 448 herbergja hótél, gististað í flokki IV - tegund a, þar sem kjallari og 1. hæð eru steinsteypt en efri hæðir eru úr forsmíðuðum herbergiseiningum, einangrað og klætt að utan á lóð nr. 2 við Haukahlíð.
Erindi fylgir greinargerð um hljóðvist dags. 14. desember 2017 og greinargerð um brunahönnun dags. 10. apríl 2018.

Stærð, A-rými: 24.180,9 ferm. , 79.138 rúmm.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Erindið er til umfjöllunar hjá skipulagsfulltrúa.

19. **Heiðargerði 29** (01.801.106) 107614 Mál nr. BN054547
050776-3609 Kamma Jónsdóttir, Heiðargerði 29, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja yfir svalir á 2. hæð og til að klæða með litaðri stál- eða álklaðningu einbýlishús á lóð nr. 29 við Heiðargerði.
